

Reykjavík, 19. apríl 2026

Nefndasvið Alþingis
b.t. umhverfis- og samgöngunefndar
Smiðju – Tjarnargötu 9
101 Reykjavík
umsagnir@althingi.is

Bls. | 1

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (einföldun eftirlits)

Hinn 24. mars síðastliðinn lagði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra fram á Alþingi frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum og mengunarvörnum (þskj. 984 í 582. máli). Frumvarpið hefur verið tekið til skoðunar á vettvangi SVP – Samtaka verslunar og þjónustu og þykir ástæða til að koma eftirgreindu á framfæri.

Ekki verður betur séð en að í flestum greinum frumvarpsins sé fengist á við að færa ýmis verkefni á sviði eftirlits úr höndum heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga og heilbrigðisnefnda á herðar Umhverfis- og orkustofnunar.

SVP leggja afar ríka áherslu á að frumvarpið verði að lögum og verður nú vikið að forsendum þeirrar afstöðu.

Hér í upphafi er rétt að benda á að SVP veittu [umsögn um frumvarpið á samráðsstigi](#) en til hennar má líta. Þá ber að hafa í huga að frumvarpið hefur tengsl við efni [frumvarps til laga um Stofnun atvinnuveganna](#) sem er til meðferðar hjá atvinnuveganefnd Alþingis. Eins og fram kemur í umsögn SVP um frumvarp til laga um Stofnun atvinnuveganna hafa annmarkar verið á fyrirkomulagi matvælaeftirlits sem hafa birst bæði samtökunum og aðildarfyrirtækjum þeirra í formi ósamræmis. Í viðleitni til að takast á við ósamræmið hafa samtökin jafnvel þurft að leita til fagráðuneytis í því skyni að reyna að knýja fram samhæfingu en dæmi eru um að 78. gr. stjórnarskrár hafi í reynd komið í veg fyrir að vinna mætti nauðsynlegar úrbætur. Í formlegu áminningarbréfi ESA frá júlí 2024 var að finna umfjöllun sem varpar nokkuð skýru ljósi á að þrátt fyrir að á vettvangi heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga starfi í ýmsu tilliti hæft fólk með góðan vilja er það fyrirkomulag eftirlitsins, stjórnarsýsla og geta kerfisins til að takast á við verkefni eins og vera ber sem gera það að verkum að það getur ekki gengið eftir.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins byggist frumvarpið á tillögum stýrihóps umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra og atvinnuvegaráðherra frá árinu 2025 sem komst að þeirri niðurstöðu að með núverandi eftirlitskerfi væri áreiðanleiki og samfella í framkvæmd ekki tryggð. Starfshópurinn lagði mat á þrjár sviðsmyndir m.t.t. breytinga á fyrirkomulaginu og bætti reyndar við einni sviðsmynd. Ein þeirra þriggja sviðsmynda sem fyrir lágu gerði ráð fyrir að aðeins matvælaeftirlit yrði fært af herðum heilbrigðiseftirlits til Matvælastofnunar. Hin viðbætta sviðsmynd var sett fram í því skyni að framkvæma mætti prófun á hvort unnt væri að breyta

eftirlitskerfinu þannig að það væri þess umbúið að samhæfa eftirlit um allt land með sem minnstum breytingum á stjórnskipulagi, þ.e. að starfsmenn sem sinntu eftirliti yrðu áfram launþegar sveitarfélaga. Í sem allra stystu máli leiddu bæði áhættu- og ávinningsmat og álitsgerð lagaprófessors til þeirrar niðurstöðu að aðeins ein sviðsmynd þótti fýsileg, þ.e. að það eftirlit sem fjallað er um í frumvarpinu mundi færast ásamt matvælaeftirliti til ríkisstofnana.

Á öllum stigum hafa SVP haldið því á lofti að ýmsar breytingar hafa orðið á íslenskri atvinnustarfsemi sem framkallað hafa brýna þörf á að samhæfðu eftirliti sem er sinnt af hæfu eftirlitsfólki sem er óháð eftirlitsviðfangi hverju sinni. Í ýmsu tilliti treysta fyrirtæki í viðskiptum sín á milli á að starfi eftirlitsaðila sé þannig háttað að sömu kröfur séu gerðar í sambærilegum tilvikum, að mat eftirlitsaðila sé hið sama hvar sem eftirlitið á sér stað og hver við það fæst og að umfjöllun og niðurstöður séu eins bæði að uppbyggingu og efni. Þá er það fyrirtækjunum afar mikilvægt að eftirlitsaðilar útsetji ekki hæfi sitt fyrir áhættu í samskiptum við eftirlitsþegna. Í grundvallaratriðum verður eftirlit að vera hæfilegt og gagnsæi verður að ríkja um kröfur og niðurstöður. Einn aðili verður að bera ábyrgð á að svo sé og annast á sama tíma nægilega upplýsingagjöf til að eftirlitsþegar geti áttað sig á til hvers sé ætlast. Á sama tíma er það efnahagslegt hagsmunamál að eftirlit eigi sér stað á hagkvæmum grunni.

SVP telja frumvarpið rétt skref í átt til þess að unnið verði að úrbótum sem reynt hefur verið að fást við í mörg ár og telja afar mikilvægt að skrefið verði tekið. Eru nefndarmenn í umhverfis- og samgöngunefnd hvattir til að hafa í huga að efni frumvarpsins er stærra hagsmunamál en svo að það varði aðeins störf í heimabyggð eða hagsmuni sveitarfélaga.

Í umsögn um frumvarpið á samráðsstigi bentu SVP á að í nefndaráli meiri hluta umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis um frumvarp til laga um breytingu á lögum um faggildingu o.fl. og lögum um staðla og Staðlaráð Íslands (þskj. 573 í 220. máli á líðandi löggjafarþingi) hafi verið tekið undir nauðsyn þess að tryggja faggilttri starfsemi trausta fjármögnun og fyrirsjáanleika, svo sem með opinberri stefnumótun. Frumvarp þetta varð að lögum hinn 17. febrúar síðastliðinn en markmið þess var að treysta grunn faggildingarstarfseminnar og færa lög um faggildingu o.fl. til samræmis við gildandi framkvæmd og Evrópulöggjöf á sviðinu. Það er að færast í aukana að í Evrópuverum sem hér eru innleiddar sé gert ráð fyrir að því að faggiltir aðilar hafi hlutverk m.t.t. eftirlits. Þar með aukast tækifæri til að nýta betur mannauð, þekkingu, ferla og annað fyrirkomulag faggilttra aðila betur en gert hefur verið. Þar sem svo virðist sem ekki hafi verið orðið við ábendingu SVP á samráðsstigi leyfa SVP sér að koma eftirfarandi tillögu á framfæri að nýju, örlítið breytttri.

28. gr. frumvarpsins orðist svo:

56. gr. laganna orðast svo:

Ráðherra er heimilt að ákveða með reglugerð að starfsemi heilbrigðiseftirlits skuli hljóta faggildingu og þá hvernig að henni skuli staðið.

Á grundvelli umsóknar er Umhverfis- og orkustofnun heimilt að veita aðilum sem hlotið hafa faggildingu tiltekna þætti eftirlitsins. Í umsókn skal faggiltur aðili sýna fram á að hann uppfylli kröfur sem eru settar fram í staðli og, þar sem við á, allar viðbótarkröfur, þ.m.t. þær sem settar eru fram í viðeigandi atvinnugreinakerfum, til að annast sérstakt samræmismat. Leyfið skal fyrst um sinn gefið út til bráðbirgða til eins

árs og á þeim tíma skal hinn faggilti aðili sýna fram á að hann uppfylli allar settar kröfur til að taka að sér eftirlitið. Í leyfi faggilts aðila skal umfang eftirlitsins ákvarðað með hliðsjón af getu hans til eftirlits og fjallað um tæknilega útfærslu framkvæmdar eftirlitsins. Faggiltur aðili skal taka þátt í vinnu við úrbætur á eftirlitsferlum á reglubundnum samráðsfundum. Faggiltur aðili og starfsmenn hans eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga. Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um meðferð umsókna og leyfi til eftirlits.

Bls. | 3

Virðingarfyllt,

f.h. SVP – Samtaka verslunar og þjónustu

Kristinn Már Reynisson

Kristinn Már Reynisson
lögfræðingur